

REGLUGERÐ

um sektargerðir lögreglumanna.

1. gr.

Lögreglumenn hafa heimild til að sekta vegfarendur, er gerst hafa sekir um brot á umferðarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, enda megi telja, að refsing fyrir brotið muni ekki fara fram úr því hámarki, sem ákveðið er í 3. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála. Sama gildir um brot á ákvæðum lögreglusamþykktá, er varða umferð.

2. gr.

Ríkissaksóknari lætur lögreglustjórum í té skrá yfir brot þau, sem sektarheimild samkvæmt reglugerð þessari nær til. Í skránni skal tilgreind sektarupphæð fyrir hverja tegund brots. Skal sökunautur eiga þess kost að kynna sér skrána; er hann greiðir sekt. Prenta má skrána eða hluta af henni á tilkynningareyðublað, sbr. 4. gr.

3. gr.

Nú verður lögreglumaður þess áskynja, að vegfarandi hafi framið brot samkvæmt 1. gr. og má lögreglumaður þá gefa honum kost á að greiða sekt fyrir brot sitt í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Greiði sökunautur sektina innan þess tíma og fallist á þau málalok, verður eigi frekar aðhafst í máli hans.

Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður dómari, ríkissaksóknari eða lögreglustjóri þá, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

4. gr.

Þegar lögreglumaður hefur ákveðið að nota heimild sína samkv. 1. gr., skal hann afhenda sökunaut eða festa á ökutæki hans tilkynningu um brotið. Á tilkynningar-eyðublaðinu skal tekið fram um tíma og stað umferðarbrotsins og greint frá því, að sökunautur eigi þess kost að ljúka málinu með greiðslu sektar í skrifstofu lögreglustjóra innan viku. Ennfremur skal þar greina, hvert sekt renni.

5. gr.

Samþykki sökunautur sektarákvörðun lögreglumanns, ritar hann nafn sitt því til staðfestu á tilkynningareyðublað það, sem um ræðir í 4. gr. og skilar því í skrifstofu lögreglustjóra ásamt sektargreiðslunni. Nú greiðist sekt ekki innan hins tilskilda frests og skal þá senda kæru til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt.

6. gr.

Sektargerðir samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki færðar í sakaskrá ríkisins.

7. gr.

Dómsmálaráðuneyti lætur lögreglustjórum í té tilkynningareyðublöð, sbr. 4. gr. Skulu þau vera tölusett í framhaldandi töluröð.

Kostnaður við eyðublöð og annað, sem sérstaklega leiðir af framkvæmd reglugerðar þessarar, greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Lögreglustjórar halda skrá yfir eyðublöð, sem afhent eru lögreglumönnum. Á afrit sektargerðar skal færa innborgunardag sektar. Ef sektargerð er felld úr

gildi, sbr. 2. mgr. 3. gr., eða kæra er send dómara, sbr. 5. gr., skal rita athugasemd um það á afritið.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála og öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um sektargerðir lögreglumanna, nr. 107 12. júlí 1967, sbr. reglugerð nr. 204 24. júní 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. febrúar 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

19. janúar 1982.

Nr. 49.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980, með síðari breytingum, um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna reksturs bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Uppbót skal á fyrri helmingi ársins 1982 nema kr. 2 000 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 36/1980, um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. janúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

15. febrúar 1982.

Nr. 50.

GJALDSKRÁ

fyrir heyrnarmælingar Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands á vinnustöðum.

1. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarmælingu á vinnustöðum, sem unnin er á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands, skal vera kr. 52.

2. gr.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

3. gr.

Framangreind gjaldtaka, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. mars 1982 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. febrúar 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.